



Nefndasvið Alþingis

Velferðarnefnd Alþingis

Reykjavík, 12. nóvember 2014

Tilvísun: Umsögn um frumvarp til laga um sérhæfða þjónustumiðstöð á sviði heilbrigðis- og félagsþjónustu (heildarlög), 257. mál. Umsögn þessi er frá Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga.

Almennt: Starfsmenn Þjónustu- og þekkingarmiðstöðvar hafa frá upphafi þessa ferlis verið jákvæðir gagnvart fyrirhuguðum breytingum sem við teljum að séu framfaraspor í þjónustu við fatlaða einstaklinga og aðstandendur þeirra. Við sjáum í okkar starfi mikið af sjónskertum og blindum börnum með viðbótarfatlanir, fullorðna blinda og sjónskerta einstaklinga sem þurfa þjónustu á fleiri sviðum og eldri borgara sem eru bæði að tapa sjón og heyrn. Samvinna stofnana er því mikilvæg mörgum einstaklingum, bætir þjónustu, einfaldar ferli og samnýtingu aðfanga. Við viljum líka taka fram að helst hefðum við viljað sjá fleiri stofnanir sem hluta af þessu frumvarpi og þá sérstaklega Samskiptamiðstöð og Hljóðbókasafnið. Eins og fyrr segir, eru starfsmenn og stjórnendur Miðstöðvarinnar jákvæðir í garð fyrirhugaðrar breytingar en viljum þó koma á framfæri áhyggjum af kostnaði og þá sérstaklega vegna viðbótarfjölda stöðugilda við hina nýju stofnun og hvaða fjármagn verður veitt til hennar til að standa straum af nýrri þjónustu.

Miðstöðin hefur eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið:

Í 2.gr. segir „Stjórnendur fagsviða bera ábyrgð á þjónustu stofnunarinnar gagnvart forstjóra. Skulu þeir hafa sérþekkingu á fagsviðinu og reynslu af stjórnun“.

Almennt er ekki fjallað um einstaka starfsmenn eða starfssvið þeirra í lögum um opinberrar stofnanir. Það verður því að teljast óeðlilegt að fjalla sérstaklega um stjórnendur fagsviða á þennan hátt. Miðstöðin leggur því til að þessar tvær setningar verði teknar út.

Ákvæði til bráðabirgða nr. III.

Ákvæði þetta gerir ráð fyrir aukningu í þjónustu þar sem áætlað er að í skrefum verði núverandi þjónusta Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins veitt fullorðnum. Við viljum benda á að ekki hefur farið fram greining á stærð þessa hóps eða hversu mikla þjónustu eða hvernig þjónustu hópurinn þarfnast.

Fylgiskjal. Fjármála- og efnahagsráðuneyti, skrifstofa opinberra fjármála:

Samkvæmt mati Fjármála- og efnahagsráðuneytisins er áætlað að uppsafnaður ávinningur af sameiningu geti orðið um 100 milljónir króna næstu 5 árin og samrekstur hugbúnaðar- og rekstarkerfa gæti skilað 20 milljónum króna til viðbótar í hagræðingu í rekstri, eða samtals 120 milljónir króna árin 2015-2020. Þetta er hagræðing uppá 2,5% miðað við núverandi rekstur þessara þriggja stofnana.

---

Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga

Hamrahlíð 17 | 105 Reykjavík | Sími 545 5800 | Fax 568 8475 | [midstod@midstod.is](mailto:midstod@midstod.is) | [midstod.is](http://midstod.is)



Þá er tekið fram í umsögn fjármálaráðuneytisins að leigukostnaður stofnana í núverandi húsnæði sé hár. Þessu erum við ósammála og tölur um húsnæðiskostnað Greiningar- og ráðgjafastöðvar ríkisins benda til að leigukostnaður þar sé mjög lágur og því raunhæft að áætla að leigukostnaður muni aukast verulega og í raun verða hærri en 2,5% hagræðing leggur til.

Við bendum á að í drögum um rýmisáætlun er tafla um fjölda stöðugilda en samkvæmt henni er gert ráð fyrir 18 nýjum stöðugildum.

Áætlun um stöðugildi	Stöðugildi, núv.	Stöðugildi, áætluð
Forstjóri PFFF	0	1
Starfsmaður í eldhúsi	0	1
GRR	50	60
HTÍ	20	24
ÞPM	24	24
TMF	1	3
VEL	1,5	1,5
	<b>97</b>	<b>115</b>

Af framantöldu er það mat okkar að kostnaður við hina nýju stofnun verði umtalsvert hærri en hann er í dag og því þurfi að gera ráð fyrir auknum útgjöldum í fleiri stöðugildum og hærri leigukostnaði. Einnig viljum við benda á að töluverður launamunur er á milli stofnana, sérstaklega Greiningar- og ráðgjafastöðvar og Heyrnar- og talmeinstöðvar og þann mun þurfi að leiðrétta við upphaf nýrrar stofnunar. Ekki liggur fyrir hversu mikill kostnaður liggur í leiðréttingu launa starfsmanna Heyrnar- og talmeinstöðvar en Greiningar- og ráðgjafarstöð undirritaði nýjan stofnanasamning síðastliðið sumar og því sennilegt að sá samningur lægi til grundvallar.

Það er því niðurstaða okkar, að nýrri stofnun verði gert erfitt fyrir fjárhagslega strax í upphafi ef byggja á upp viðbótarþjónustu, bæta við stöðugildum og flytja í nýtt húsnæði en ekki veita aukafjármagn til stofnunarinnar.

Virðingarfyllst,

f.h. Þjónustu- og þekkingarmiðstöðvar fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga

Huld Magnúsdóttir

Forstjóri

---

Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga

Hamrahlíð 17 | 105 Reykjavík | Sími 545 5800 | Fax 568 8475 | [midstod@midstod.is](mailto:midstod@midstod.is) | [midstod.is](http://midstod.is)